

## Stjórnarfundur Kolviðar

### Haldinn 15. maí 2020 að Þórunnartúni 6 og í fjarfundi

**Mætt:** Jónatan Garðarsson, Brynjólfur Jónsson, Rósbjörg Jónsdóttir, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Reynir Kristinsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir (ritari).

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Reynir fór yfir það helsta sem rætt var á síðasta fundi.

#### 2. Ársreikningur 2019.

- Breyta þarf orðalagi í ársreikningi og nota kolefnisbinding í stað kolefnisjöfnunar. Sala 2019 var tæplega 26 þúsund tonn CO<sub>2</sub>, samsvarandi um 257 þúsund plöntum.
- Áætlun fyrir 2020 miðaði við tekjur 65 milljónir, en núverandi ástand (COVID) kemur til með að hafa áhrif á það.
- Athuga þarf ávöxtunarfjárfestingar Kolviðar – mikilvægt að kaupa í félögum sem kolefnisjafna og/eða eru með græna starfsemi.

#### 3. Markaðsmál.

- Skoða þarf möguleika á notkun PayPal á heimasíðu, fyrir erlenda viðskiptavini.
- Vegna mögulegs samdráttar vegna COVID verður farið varlega í plöntukaup fyrir næsta ár. Búið er að semja um 180 þúsund plöntur fyrir vorgróðursetningu 2021, staðan verður tekin í haust fyrir haustgróðursetningu 2021
- Æskilegt að fara í 10% hækkun á næsta ári, þar sem þarf fyrirsjáanlega meiri mannskap í umsvif.
- Huga þarf að markaðskygningu þegar umsvif/umræða fara í gang aftur eftir COVID, til að viðhalda tekjum sem koma í gegnum heimasíðu.
- Þjóða þarf upp á „birkipakka“ á heimasíðu. Ræða við Jón Trausta.

#### 4. Ræktunarlönd.

- Þinglýstur samningur um svæði II á Geitasndi hefur borist og framkvæmdaleyfisumsókn er í vinnslu.
- Samningur við Norðurþing fer fyrir sveitarstjórn 19. maí til staðfestingar. Eftir á að taka út ástand girðingar og ganga frá kostnaðarskiptingu þar, ef þarf.
- Samningur við Skógræktarfélag Húsavíkur er tilbúinn til undirritunar. Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi.
- Samningur við Skógræktarfélag Borgarfjarðar um land í Reykholti hefur verið stöðvaður á biskupstofu. Unnið verður áfram í málinu. Plöntur sem áttu að fara á Reykholt fara á Úlfjótsvatn.
- Mikilvægt er að huga að löndum, þar sem um langt ferli er að ræða (landasamningar, framkvæmdaleyfi) þar til hægt er að setja niður.

#### 5. Gróðursetningar sumarsins.

- Fólk frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum höfðu samband og báðu um að koma og taka þátt í gróðursetningu. Hafa sjálfboðaliðar þaðan gróðursett á Úlfjótsvatni.

#### 6. Vottun Kolviðar

- Tún vottunarstofa tilbúin að skoða málið, en þarf að fá eitthvað borgað fyrir. Athugað í haust. Á áætlun er 1 milljón kr. í ráðgjöf vegna vottunar. Jón Ásgeir er að vinna að gerð verklýsingar fyrir gróðursetningarfólk.
- Ragnhildur fer yfir heimasíðu og skiptir út kolefnisjöfnun fyrir kolefnisbindingu (nema í almennri umfjöllun).

- Votlendissjóður – gott að taka samtal við sjóðinn. Boða fund aðila sem að kolefnismálum koma.

**7. Notkun moltu.** Ekki hefur verið hægt að fá jákvæða niðurstöðu út úr fjárhagshlið málsins – flutningur of dýr.

#### **8. Önnur mál**

- Alviðrustofnun hefur áform um að fara í gróðursetningu undir Ingólfsfjalli, m. fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Ósk Landverndar að Skógræktarfélag Íslands komi að og mun formleg fyrirspurn þar að lútandi koma síðar.
- Næstu fundir stjórnar Kolviðar 14. ágúst, 18. september, 16. október og 20. nóvember. Skoðunarferð fyrirhuguð 14. ágúst.

**Fundi slitið kl. 13:15**